

Lög

um Orkusjóð.

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Úr Orkusjóði er heimilt:

- að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,
- að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,
- að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,
- að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir,
- að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Orkuráð skal skipað fimm mönnum. Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, sem skulu kosnir hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar, en ráðherra skipar tvo menn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð, m.a. á grundvelli áætlunar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr., og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra Orkusjóðs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Orkumálastjóri skal veita orkuráði ráðgjöf eftir því sem um verður beðið.

4. gr.

Orkuráði er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og tryggja vörslu á fé sjóðsins.

Framkvæmdastjóri eða aðili sem orkuráð semur við skv. 1. mgr. skal hafa lokið gerð reikninga fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni,
3. endurgreiddur kostnaður af rannsóknum og áætlanagerð, jarðhitaleit og jarðborunum skv. 6. gr.

6. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa.

Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiddu fé skal varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga þessara.

7. gr.

Orkuráð gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. skulu verðtryggt og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en tíu ár.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir samkvæmt áætlunum sérfræðinga eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr.

9. gr.

Orkuráð getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Er skylt að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa ráðinu kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkuráð getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum þess í þeim efnun. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið og orkuráð óskar þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði X. kafla orkulaga, nr. 58/1967, um Orkusjóð. Þá fellur brott 2. mgr. 66. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.